

Skólaráðsfundur 27. nóvember 2019

Mættir: Kristín H og Elín Sam fulltrúar kennara, Helena fulltrúi almennra starfsmanna, Diljá Dögg og Evalilja fulltrúar nemenda, Elsa Lára og Manassa fulltrúar foreldra og Matthías fulltrúi úr grenndarsamfélagi, Hálfðan skólastjóri.

1. Starfsáætlun

Litlar breytingar á áætluninni milli ára. Breytingar á vinnslu við starfsáætlun er sú að nú er nóg að hafa starfsáætlun á netinu og hægt að nálgast hana þar en áður þurfti að uppfæra hana á þremur stöðum.

Rætt um hvernig fólk upplifir heimanámsstefnuna. Almennt finnst fólki að nemendur þurfi meiri þjálfun á unglिंगastigi í að skipuleggja sig í námi, vinna ritgerðir og taka ábyrgð á sínu námi. Hugsunin í stefnunni er sú að heimanám geti orðið einstaklingsmiðaðra. Nemendur, foreldrar og kennarar geti talað saman og sett inn heimanám eftir þörfum og óskum. Einnig talið jákvætt að nemendur hafi hvatningu til að skipuleggja sig og ná að vinna vel í tímum. Einhverjum foreldrum finnst þeir ekki hafa yfirsýn yfir hvað er verið að vinna með en á yngsta stigi eru kennarar duglegir að senda vikupósta um hvað er verið að vinna með. Á unglिंगastigi geta foreldrar fylgst með á mentor, séð kennsluáætlanir og verkefni sem liggja fyrir.

2. Starf okkar í vetur

Hálfðan skýrði frá því að upplifun skólans af andanum væri góður. Voru áhyggjur í lok síðasta skólaárs en hefur ekki borið eins á því núna. Nemendur upplifa bæði mjög jákvæðan anda í skólanum og að líða mjög vel hér. Inn á milli geta verið erfiðari dagar. Stundum upplifa nemendur að einstaka nemendur skólans séu ekki mjög kurteisir og hafi neikvæða upplifun. Evalilja sagði frá speglaverkefni sem er verið að vinna með nemendafélaginu. Keyptir voru speglar með áletrunum eins og „þetta er manneskjan sem ber ábyrgð á þinni líðan“ og fleira í þeim dúr.

Hálfðan sagði frá því að nú þarf að fara að leggja drög að skólapingi næsta árs. Mikið hefur verið unnið með trú á eigin getu. Áframhaldandi vinna þarf að fara fram varðandi trú samfélagagsins á getu nemenda. Kannanir sýna að foreldrar hafa ekki nægilega mikla trú á að börnin þeirra fari í framhaldsnám.

Gott ef skólaráð tekur umræðuna við foreldra og nemendur um hvaða málefni þau vilja sjá. Umræða um samskipti og stríðni.

3. Almennar umræður um skólastarfið

Ánægja með skiptingu á unglिंगastigi með smiðjur, en mætti skoða betur skiptingu milli hópa.

Umræða um hvernig er hægt að fá fleiri foreldra inn á fræðsluerindi sem boðið er uppá. Hafa verið fengnir inn mjög áhugaverðir fyrirlestrar en fáir foreldrar mætt.

4. Önnur mál

Næsti fundur áætlaður í byrjun janúar

Fundi slitið 09:24

Fundarritari: Elín Þ. Samúelsdóttir